

82.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 7.september 2017 og hófst kl. 17.00.

Mætt voru Hulda Elsa, Erla Kristín, Þórunn og Gry. Alex sat fundinn gegnum tölvu. Róbert og Rósa boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Mótamál
Tillaga mótanefndar að mótaskrá 2018 var samþykkt og þakkaði formaður nefndinni vel unnin störf.
Gry birtir á kraft.is og í bréfi til formanna þar sem jafnframt verður óskað eftir mótshaldara á mótin. **Gry/Róbert** sér um að búinn verður til vettvangur fyrir dómara til að forskrá sig til starfa.
3. Lágmrök
Stjórnin samþykkti að samræma reglur um skilyrði/lágmrök til þátttöku á öllum íslandsmeistaramótum í opnum flokki. Samþykkt að ræða útfærsluvalkosti á formannafundi í nóvember.
Stjórnin er einróma um að hefja undirbúning undir endurskoðun landsliðslágmarka, en fyrr eða síðar þarf sú vinna að fara fram og er í mörg horn að líta. **Alex** hefur samband við Kára og kynnir sér aðferðina sem notuð var við útreikning landsliðsviðmiða áður.
4. RIG 2018
Stjórnin ákvað að mótið verður áfram alþjóðlegt boðsmót með 20 keppendum. Stefnt verður að hlutfallinu 40/60 erlendra/innlendra keppenda. Ólíkur skilningur er innan stjórnar um hvort sambandinu sé heimilt að vera skráður mótshaldari. **Þórunn** kannar þá hlið í samvinnu við Ásu Ólafsdóttur í laganefnd KRAFT. **Hulda Elsa** kannar áhuga Reykjavíkurfélaga á að taka að sér mótahaldið. **Gry** hefur leit að fjárstuðning við mótið.
5. Afreksmál
Stjórnin fagnar þeirri ákvörðun framkvæmdaráðs ÍSÍ að flokka KRAFT sem eitt af afrekssamböndum Íslands. Þetta er bæði fagnaðarefni og áskorun fyrir ungt sérsamband. Viðbótarúthlutun vegna landsliðsverkefna 2017 hefur borist, en **Alex** mun kanna betur í hvað þessi greiðsla á að fara. Ráðning íþróttastjóra er aðkallandi. **Hulda Elsa** með málið.
6. Fundir og þing framundan
Formannafundur og stjórnarfundur verða haldnir á Akureyri 24.nóvember.
Uppskeruhátíð sambandsins verður haldin 25.nóvember. **Alex** falið að undirbúa.
Fundur NPF verður haldinn í tengslum við Norðurlandamót unglunga 13.sept. nk. Gry situr fundinn. Farið var yfir nokkur mál sem verða rædd á fundinum. Gry endursendir málin til stjórnarmanna til skoðunar.
Ársþing IPF 12.nóvember nk. Ákveðið að Gry verði fulltrúi KRAFT á þinginu.
7. Tillögur vísaðar til stjórnar á Kraftlyftingapingi 2017
Í þinggerð 2017 14.lið segir m.a.
Grétar Skúli Gunnarsson óskaði eftir umræðu um eftirfarandi mál:
- Hvort Ísland ætti að leggja til við þing IPF að gerðar verða breytingar á

þyngdarflokkum kvenna.

- Hvort Ísland ætti að leggja til við þing IPF að konum yrði leyft að keppa án T-bola í réttstöðulyftu og sömu reglur látnir gilda fyrir bæði kyn

- Hvort hægt væri að leyfa notkun sérsaumaða ólympískar lyftingasinglettu á innanlandsmótum

- hvort taka eigi upp skráningu íslandsmeta á opnum mótum hérlendis Töluverðar umræður urðu um þessi mál og rök voru færð bæði með og móti. Þingið samþykkti einróma að vísa þau öll til stjórnar til frekari umfjöllunnar.

Stjórnin ákvað að nota fund NPF til að hlera skoðanir annara norðurlandþjóða á tveimur fyrstu málunum en gera ekkert frekar að svo stöddu.

Þriðja málinu var vísað frá þar sem tillagan er óskýr og órökstudd.

Fjórdða máli var frestað. Hugsanlegt að taka það til frekari umræðu á formannafundi.

8. Aðildarfélög

Ný félög hafa verið stofnuð og eru í undirbúningi á nokkrum stöðum. Stjórnin fagnar því. Útbreiðslunefnd hefur sent stjórn yfirlit yfir vinnu nefndarinnar þar sem er að finna góðar upplýsingar.

Ekkert nýtt félag hefur hins vegar verið skráð í Felix ennþá og er verkefni að reka eftir því.

Umræðu um málið og frekari aðgerðum frestað.

Gry heldur áfram að kynna starfandi félög á kraft.is

Ekkert frekar gert.

Fundi slitið kl. 19.00

Fundarritari Gry Ek